

Nd.

576. Nefndarálit

[251. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. l. nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Í rúman mánuð voru drög að frv. þessu til athugunar og umræðu hjá stjórnarflokkunum. Það var lagt fram í Nd. Alþingis 22. apríl, tekið til umræðu og vísað til nefndar 25. apríl.

Til að flýta fyrir afgreiðslu frv. kaus sjávarútvegsnefnd að hafa þann hátt á að senda það ekki til umsagnar, en fá heldur fulltrúa viðkomandi hagsmunasamtaka á fund nefndarinnar, heyra álit þeirra og leita upplýsinga hjá þeim.

Óhætt er að fullyrða, að efni frv. þessa hafi ekki komið þessum aðilum á óvart, enda hafði sjávarútvegsráðherra skýrt flestum þeirra frá efni þess.

Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar frá upprunalegri mynd þess, m. a. vegna ábendinga frá útgerðarmönnum og sjómönnum og frá fulltrúum stjórnarflokkanna í sjávarútvegsnefndum, en þeir hafa á liðnum vikum átt fjölmarga fundi með ráðherra um málið.

Nefndin hefur fengið á fundi sína eftirtalda aðila: Aðstoðarmann sjávarútvegsráðherra, Einar Ingvarsson, forstöðumann Þjóðhagsstofnunarinnar, Jón Sigurðsson, formann Landssambands íslenskra útvegsmanna og formann Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Þá komu einnig á fund n. formaður Sölusambands ísl. fiskframleiðenda með friðu ellefu manna föruneysi, en þessi samtök sendu einnig skrifleg harðorð mótmæli, m. a. með „ófrávíkjanlegum kröfum stjórnar S. Í. F.“. Þá komu fulltrúar frá Sölu- miðstöð hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeild SÍS, fulltrúar frá bræðsluverksmiðjum og loks fulltrúar sjómannasamtakanna: formaður Sjómannasambands Íslands, sem jafnframt er fulltrúi sjómanna í Verðlagsráði sjávarútvegsins, formaður Vélstjórufélags Íslands, sem er annar fulltrúi sjómanna í Verðlagsráði, og framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Allir lögðu þessir fulltrúar mikla áherslu á, að þeir hagsmunir, sem þeir ættu að gæta, væru ekki fyrir borð bornir og að þeirra greinar yrðu að halda öllu sínu.

Ekki kom fram hjá neinum þessara hagsmunafulltrúa, að það jaðraði við að um væri að ræða neyðarástand í efnahagsmálum þjóðarinnar og að aðgerðir, sem nú væri verið að gera með þessu frv. og fleirum, beindust fyrst og fremst að því að halda sem flestum atvinnutækjum gangandi til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og auka gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Ef atvinnuleysi bættist ofan á þá miklu verðbólgu, sem þjóðin býr við, mundi það valda hörnungum meðal alþýðu manna.

Ríkisstjórnin beitti sér fyrir launahækkun til láglaunafólks og kjarabótum til þeirra og annarra launþega með breytingum á skattalöggjöf. Með þessu frv. er verið að flytja til innan sjávarútvegsins, frá þeim, sem högnuðust beint og óbeint á gengisfellingunni, til útgerðarinnar, svo að hún fái gengið á sem næst eðlilegan hátt.

Þeim, sem að flutningi þessa frv. standa, hefur nokkuð verið legið á hálsi fyrir að auka sjóðafarganið svokallaða, þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að draga úr því kerfi, sem nú er búið við.

Að vísu var engum nýjum sjóði bætt við, en tekjur olíusjóðs eru auknar með hækkun útflutningsgjalda til að mæta mikilli hækkun olíunnar og reyndar nær allra rekstrarliða útgerðarinnar.

Þær tímabundnu aðgerðir, sem vonandi felast í frv. þessu, og þær breytingar, sem gerðar hafa verið frá því að frv. var fyrst kynnt, eiga sínar ástæður, sem nánar verða skýrðar í framsögu.

Tveir nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd, þeir Guðlaugur Gíslason og Garðar Sigurðsson, voru erlendis í opinberum erindagerðum meðan á afgreiðslu málsins stóð. Þar sem varamenn þeirra tóku ekki sæti á Alþingi, þótti sjálfsgagt að bjóða fulltrúa frá þingflokki Alþýðubandalagsins að taka þátt í störfum n. í fjarveru Garðars Sigurðssonar, og tók Gils Guðmundsson það starf að sér. Sjávarútvegsnefnd hefur náð samkomulagi um brtt. við frv., sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, en meiri hl. n. mælir að öðru leyti með samþykkt frv. Minni hl. n. mun skila séráliti.

Sjávarútvegsráðherra gaf veigamiklar yfirlýsingar við 1. umræðu málsins um framkvæmd lánamála skv. 1. gr. frv., b-lið, síðari málsgrein, sem allir ættu að geta unað við.

Undirrituðum nefndarmönnum er ljós knýjandi nauðsyn þess að mál þetta nái hið fyrsta fram að ganga, svo að innheimta megi útflutningsgjöldin og hefja greiðslu gengismunar til viðkomandi aðila. Því mælir meiri hl. sjávarútvegsnefndar eindregið með, að frv. fái lagagildi svo fljótt sem kostur er.

Alþingi, 5. maí 1975.

Pétur Sigurðsson,
form., frsm.

Sverrir Hermannsson,
fundaskr.
Jón Skaftason.

Tómas Árnason,
með fyrirvara.